

12. Stjórnarfundur, 18. desember, 2013, kl. 8:15

Mætt: Ragnhildur Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vala Garðarsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Ásgerður Gylfadóttir og Árdís Erna Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Tinna og Fanney.

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá

1. Farið yfir sviðið með nýjum bæjarstjóra
2. Fundur í ráðuneyti 11. Des. 2013
3. Önnur mál

Fundargerð

1. Hugmyndin um Þekkingarsetur Nýheima kynnt fyrir Ásgerði bæjarstjóra. Síðastliðið ár hefur verið unnið að því að koma þekkingarsetrinu á fjárlög og hefur nú fengið kr. 15 milljónir til að ráða starfsmann og efla starfsemi Nýheima.
2. Fundur Ragnhildar og Ásgerðar í mmr í síðustu viku varðandi þekkingarsetrið og framhaldsfræðsluna. Þar kom fram að ráðuneytið vill að 4-5 milljónir af fjárframlagi þekkingarsetursins fari einnig í framhaldsfræðslu árið 2013. Þórarinn lagði til að það yrði gerður viðaukasamningur um að þetta gildi bara fyrsta árið. Umræða spannst um hættuna á því að þetta yrði frambúðar. Það er pressa frá mmr að Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands og að Viska í Vestmannaeyjum komi þar inn að auki.

Hornafjörður hefur ekki enn verið samþykkt inn í Fræðslunet Suðurlands vegna þess að það vantar fjármagn. Sjónarmið Hornfirðinga er að forsenda fyrir innkomu þeirra sé að Fræðslunetið og Háskólafélagið sameinist. Þangað til það gerist er sterk krafa frá ráðuneytinu að hluti af fjármagni frá Þekkingarsetrinu Nýheimum fari í þessa starfsemi árið 2014 til þess að hægt sé að halda starfseminni óbreyttri áfram í Hornafirði.

Næsta skref í þessu máli er að hitta forsvarsmenn á Kirkjubæjarklaustri og ræða vilja til samstarfs varðandi Nýheimamál. Hugmynd að stjórn Nýheima og bæjarstjóri Hornafjarðar fari á Klaustur (eða boði Klaustursfólk á Höfn) og ræði við forstöðumann Kirkjubæjarstofu, forstöðumenn Skaftárhrepps og verkefnastjóra Fræðslunets Suðurlands/Háskólafélagsins. Stefnt að því að boða slíkan fund í janúar. Fyrsti fundur í stjórn Nýheima á nýju ári er 15. janúar 2014.

Matís og Háskólafélag Suðurlands. Nú hefur Vigfús sagt upp og er hættur hjá Matís á Höfn og ljóst er að Matís mun ekki ráða 100% starfsmann á ný. Hinsvegar eru hugmyndir um að það verði auglýst eftir sameiginlegum starfsmanni Matís og Háskólafélagsins.



Ragnildur greindi frá að Sigurður hjá Háskólafélaginu hafi lagt til á símafundi vegna ráðningar í sameiginlegt starf hjá Matís og Háskólafélaginu að Nýheimar í Hornafirði og Fjölheimar á Selfossi væru tvær styrkar stoðir fyrir minni einingar á Suðurlandi.

3. GIS: Vala greindi frá því að fram hafi komið að flestar stofnanir innan Nýheima þurfi á GIS gagnagrunni að halda. Það sama á við um að skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði ættu ef vel á að vera í GIS gagnagrunni. Hægt er að kaupa GIS startpakka sem kostar kr. 600 þúsund, og síðan kostar hvert leyfi kr. 280 þúsund. Ljóst er að það eru mikil samlegðaráhrif af GISinu og væri til mikilla bóta fyrir samfélagið. Lagt til að Vala, Kristín og Tinna útfæri kostnaðaráætlun og ræði við Björgvin og Rúnar varðandi notkun á kerfinu.

Fundi slitið kl. 9:15